

Mál 15/2014

Ár 2015, þriðjudaginn 17. mars var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Rvk.

Fyrir var tekið mál nr 15/2014

Z

gegn

Y

I. Málsmeðferð siðanefndar

Í erindi kæranda (Z) dagsettu 20. júlí 2014 móttæknu af siðanefnd 26. ágúst er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða (Y) hafi gerst brotleg við reglur fyrir félagsmenn í HRFÍ með því að svíkja gefin loforð og standa ekki við samkomulag sem gert var milli málsaðila. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 14. október 2014 og henni gefinn frestur til 11. nóvember til andsvara. Kærða nýtti sér ekki rétt sinn til andsvara og hefur á engan hátt óskað eftir að tjá sig um málið. Þar eð siðanefnd taldi að kærða myndi ekki nýta sér rétt sinn til að koma að sínum sjónarmiðum ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Að sögn kæranda gerðu málsaðilar með sér samkomulag hinn 31. mars 2014 þess efnis að kærandi tæki að sér hvolpafulla tík í eigu kærðu og annaðist hana fram að goti, hjálpaði henni gegnum gotið og annaðist síðan tíkina og hvolpana uns þeir yrðu seldir til nýrra eigenda.

Endurgjald fyrir þessa umönnun skyldi vera það, að kærða eignaðist tíkina og fengi helming söluandvirðis allra hvolpanna jafnóðum og þeir yrðu seldir.

Kærandi tók við tíkinni hvolpafullri hinn 4. apríl og annaðist hana fram að goti hinn 2. júní og einn mánuð eftir það. Á þesu tímabili komu upp óvænt og ófyrirséð vandmál eins og gjarnan getur orðið við slíkar kringumstæður sem urðu þess valdandi að ágreiningur kom upp milli málsaðila.

1. Kærandi tók við tíkinni hinn 4. apríl og 2. júní gaut tíkin 6 hvolpum. Gotið gekk ekki eins vel og skyldi og varð að fara með tíkina til dýralæknis. Kostnaður við það reyndist vera einhver og varð ágreiningur um það hverjum bæri að greiða hann. Kærandi lét skrifa reikninginn á kærðu að henni forspurðri og kærða var ekki sátt við það.
2. 18. júní sendi kærða uppkast af samningi í 5 liðum til kæranda. Í þessum samningi tiltekur kærða í 1. lið að hvolparnir verði skráðir undir ræktunarnafni kærðu í ættbók. (Um það verður ekki deilt). Í 2. lið fer kærða fram á að söluandvirði fyrsta selds hvolps (afrakstur) fari á móti kostnaði við dýralækni og við skráningu gotsins. (Á það getur kærandi ekki fallist). Í 3. lið

fer kærða fram á að andvirði næsta selds hvolps fari á móti rakkatolli. (Á það getur kærandi ekki heldur fallist. Að sögn kærðu var gotið ekki planað, heldur hafi rakkinn sennilega komist að tíkinni án hennar ætlunar. Hún á rakkann sjálf og ætlar sér að eiga tíkina einnig svo það getur varla staðist að kærandi eigi að taka þátt í rakkatolli). Í 4. og 5.lið er tiltekið að afrakstur þeirra skuli skiptast jafnt.

3. Kærða sótti hvolpana og tíkina 2. júlí, uppgjör við kæranda hefur ekki farið fram og hefur kærandi sent í lögfræðisinnheimtu kr. 450.000 sem kærða neitar að greiða.

Kærða hefur ekki haldið upp neinum vörnum í málinu né á neinn hátt komið að sínum sjónarmiðum og er málið tekið til afgreiðslu byggt á þeim gögnum sem fram eru komin frá kæranda.

III. Forsendur.

Varðandi ágreining um dýralæknakostnað tíkar þá er það mat siðanefndar að tíkareigandi sé ábyrgur fyrir þeirri greiðslu.

Varðandi ágreining um uppkast af samningi þá er það óumdeilt að mati siðanefndar að hvolpar verði skráðir undir ræktunarnafn þess sem er skráður eigandi tíkar. Hvernig skiptingu söluandvirðis skuli háttáð mun siðanefnd ekki taka afstöðu til en þegar um svokallað slysgot er að ræða þá er vart hægt að innheimta rakkatoll að mati nefndarinnar.

Samningur milli aðila um umönnun tíkar er viðskiptasamningur og eðlilegt að til komi greiðsla fyrir að verki loknu. Um fjárhæð tekur siðanefnd ekki afstöðu til.

Það er verkefni Siðanefndar að gæta þess að félagsmenn HRFÍ hafi í heiðri lög um dýravernd, lög HRFÍ og þær grundvallarreglur sem HRFÍ hefur sett sér varðandi meðferð hunda, hundarækt og sölu hunda og úrskurða í málum þeirra aðila sem taldir eru hafa brotið gegn reglum og markmiðum félagsins eða unnið gegn því á einhvern hátt innan félags eða utan.

Siðanefnd tekur ekki á fjárhagslegum ágreiningsmálum, um þau gilda almenn kaupalög og í þessu máli þá eru báðir máladaðilar sekir um að hafa vanrækt að gera með sér samning áður en viðskiptin hófust. Um leið er það þó ljóst að kærða gerir sér far um að nýta sér þetta samningsleysi með því að koma með kröfur eftir á.

IV. Niðurstaða.

Það er mat siðanefndar að háttsemi kærðu sé aðfinnsluverð.

Anna María Flygenring

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir